

sér Þorvaldsdalsskokkið og leiti samstarfs við UMF Reyni á Árskógsströnd og UMF Smárann um framkvæmd þess. Þess má geta að það hefur verið hlaupið undanfarin 12 ár og mun vera elsta óbyggðahlaup á Íslandi. Einnig var samþykkt tillaga sem heimilaði stjórn að taka þátt í viðræðum við önnur Íþróttabandalög og Ungmennasambönd á Eyjafjarðarsvæðinu um hugsanlega sameiningu. Veittar voru viðurkenningar til allra Íslandsmeistara og Unglingalandsmótsmeistara. Vegna 75 ára afmælis Margrétar Magnúsdóttur 4. apríl voru henni þökkuð störf í þágu UMSE og henni færður blómvöndur að gjöf.

Lýst var kjöri Íþróttamanna UMSE 2005 og voru eftirfarandi aðilar í kjöri. Björgvin Björgvinsson, skíðamaður UMSE
Elín Björk Unnarsdóttir, sundmaður UMSE
Helena Ragna Frímansdóttir, blakmaður UMSE
J. Bjarni Skarphéðinsson, körfuknattleiksmaður UMSE
Kristinn Ingi Valsson, tilnefndur af stjórn UMSE
Kristján Þorsteinsson, bridgemaður UMSE
Ólöf Ragna Einarsdóttir, frjálsíþróttamaður UMSE
Sigurður Ingvi Rögnvaldsson, golfmaður UMSE
Stefán Friðgeirsson, hestaíþróttamaður UMSE
Sveinn Elías Jónsson, knattspyrnumaður UMSE

Íþróttamaður UMSE árið 2005 var kjörinn Björgvin Björgvinsson skíðamaður hjá Skíðafélagi Dalvíkur.

Skíðafélag Dalvíkur hlaut félagsmálabikar UMSE og Óskar Óskarsson formaður Skíðafélagsins var kjörinn vinnubjarkur UMSE. Engar mannbreytingar urðu á stjórn sambandsins en endurkjörin til tveggja ára voru: Árni Arnsteinsson, formaður, Helga Guðmundsdóttir, ritari, og Jóhanna Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi. Með þeim í stjórn sitja: Karl Ingi Atlason, gjaldkeri og Starri Heiðmarsson, varaformaður. Þá var varastjórn endurkosin en í henni sitja: Eyrún Elva Marinósdóttir, Guðbjörg Hjartardóttir og Hringur Hreinsson.

Skipulag frjálsíþróttamála

Nú þegar sumarið er að ganga í garð fer vertíð frjálsíþróttafólks að hefjast fyrir alvöru. Margt er á döfinni þetta sumarið og ber þar hæst unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið verður að Laugum í Reykjadal. Eins og fram kom í fyrsta fréttabréfi ársins er áætlað að halda þangað með stóran og breiðan hóp keppenda í sem flestar íþróttagreinar. Sameiginlegar æfingar verða á vegum UMSE í sumar fyrir frjálsíþróttafólk innan sambandsins og fara þær nú brátt að hefjast. Fyrsta æfingin verður haldin á Þelamörk mánudaginn 29. maí. Lagt er upp með að æfingar verði haldnar til skiptis á svæðum þeirra aðildarfélaga sem hafa frjálsar íþróttir á sínum snærum. Þetta árið verða tveir þjálfarar sem sjá um þessar æfingar í

samstarfi við þjálfara heimafélagana á hverjum stað. Unnar Vilhjálmsson mun halda starfi sínu áfram að þessu leyti og honum til aðstoðar verður Þorsteinn Marinósson. Æfingar verða kl. 20:00 á mánudagskvöldum og verður staðsetning þeirra eftirfarandi:

29. maí	Þelamörk	17. júlí	Reynir
5. júní	Ekki æfing vegna vormóts UFA	24. júlí	Æskan
12. júní	Reynir	31. júlí	Dalvík
19. júní	Æskan	7. ágúst	Ekki æfing vegna Unglingalandsmóts UMFÍ
26. júní	Dalvík	14. ágúst	Hrafnagil
3. júlí	Hrafnagil	21. ágúst	Þelamörk
10. júlí	Þelamörk	28. ágúst	Reynir

(Þessi listi er settur upp með fyrirvara um breytingar)

Helstu mót í sumar

Vormót UFA 5. júní, Akureyri
Vormót UMSE 13. og 15. júní, Dalvík
Þorvaldsdalsskokkið 1. júlí
Sumarleikar ÚÍA 8. til 9. júlí, Egilsstaðir
Meistaramót Íslands 15-22 ára 22. til 23. júlí
Meistaramót Íslands 29. til 30. júlí
Unglingalandsmót UMFÍ 4. til 6. ágúst, Laugum, Reykjadal
Akureyrarmót 12 ára og eldri 9. og 16. ágúst.
Akureyrarmót 11 ára og yngri 17. ágúst.
Aldursflokkamót UMSE, dagsetning nánar auglýst síðar
Meistaramót Íslands 12-14 ára 19. til 20. ágúst
Bikarkeppni FRÍ, 2. Deild 26. ágúst, Vík, Mýrdal

Norræn ungmennavika

Norræna ungmennavikan er haldin á hverju ári á einhverju af Norðurlöndunum. Að þessu sinni verður hún hér á landi, nánar tiltekið að Varmalandi í Borgarfirði dagana 9.-16. júlí.

Á ungmennavikum er blandað saman leik og starfi og er markmiðið að ungt fólk á aldrinum 16-25 ára hittist og vinni saman að sameiginlegum verkefnum. Þemað í ár er **orka jarðarinnar**.

Umsóknarfrestur er til 1. júní og má nálgast nánari upplýsingar um verkefnið hjá þjónustumiðstöð UMFÍ. Einnig eru hægt að fá upplýsingar á heimasíðu UMFÍ www.umfi.is eða á heimasíðu NSU www.nsu.is. Þess má geta að UMSE veitir félagsmönnum sínum styrki til þátttöku í verkefnum sem þessum.

Fjölskyldan á fjallið

Landsverkefni UMFÍ *Fjölskyldan á fjallið* er liður í verkefninu Göngum um Ísland. Póstkassar með gestabókum eru settir upp á rúmlega 20 fjöll


viðsvegar um landið. Markmiðið er að fá fjölskyldur í léttu fjallgönguferð og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og um leið líkamsrækt innan fjölskyldunnar. Göngugarpar eru hvattir til að skrifa nöfn sín í gestabækurnar á fjöllum. Í haust verður dregið úr hópi þátttakenda og hljóta hinir heppnu sérstök útivistarverðlaun. Um 12.000 manns hafa skrifað nöfn sín í gestabækurnar fyrstu tvö ár verkefnisins.

Upplýsingar um fjöllin í verkefninu má finna á gagnvirkum landakorti á ganga.is, undir gönguleiðir, fjölskyldan á fjallið

Síðasta sumar var gestabók okkar staðsett á Böggvistaðafjalli fyrir ofan Dalvík og verður sami háttur hafður á þetta sumarið. Ákveðið er að efna til hópöngu á fjallið og verður lagt af stað frá Brekkuseli, skála Skíðafélags Dalvíkur, föstudaginn 9. júní kl. 20:00. Þaðan verður gengið upp og gestabókinni komið fyrir.

Þorvaldsdalsskokkið

Hið árlega Þorvaldsdalsskokk verður haldið 1. júlí. Þetta er óbyggðahlaup sem nær yfir 26 km. Lagt er af stað frá Fornhaga í Hörgárdal og þaðan hlaupið norður Þorvaldsdal og endað á Árskógsströnd. Rútuferð verður frá Árskógsströnd að Fornhaga fyrir hlaupið, þannig að mögulegt verður að skilja bíla eða önnur farartæki eftir við markið. Forskráning í hlaupið er á www.hlaup.is en einnig verður hægt að skrá sig á staðnum. Fyrir þá sem kjósa að ganga verður Bjarni Guðleifsson, náttúrufræðingur, með leiðsögn. Nánari upplýsingar um hlaupið er hægt að fá á www.umse.is/thorvaldsdalur eða umse@bugardur.is.



Búningar

Nú er verið að vinna að því að panta félagsgalla. Gallarnir eru frá Henson. Gallarnir eru þannig að peysurnar eru dökkbláar og rauðar og merktar UMSE á bakinu. Buxurnar eru einlitar, dökkbláar. Afgreiðslufrestur á göllunum er um hálfur mánuður og verðið er u.þ.b. 5000 kr. á galla. Pantanir þurfa að berast eigi síðar en mánudaginn 29. maí og sendist til Guðfinnu á pósthfangið gustin@simnet.is.

Útgefandi Ungmennasamband Eyjafjarðar, Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson



FRÉTTABRÉF UMSE

2. tbl. 21. árgangur 2006



Nýr framkvæmdastjóri

Stjórn UMSE vill bjóða velkomin til starfa Þorstein Marinósson sem hefur verið ráðinn starfsmaður Ungmennasambandsins og mun hann sinna skrifstofu sambandsins auk frjálsíþróttahjálfunar á sameiginlegum æfingum UMSE í samstarfi við Unnar Vilhjálmsson.

Þorsteinn hefur nýlengi B.Sc. prófi í íþróttfræðum frá Kennaraháskólanum á Laugarvatni en hann er af Árskógsströnd og því þaulkunnugur starfi sambandsins. Steini keppti fyrir Umf. Reyni á sínum yngri árum, bæði í frjálsum og knattspyrnu en einnig var hann liðtækur skíðamaður og keppti þar fyrir Skíðafélag Dalvíkur. Í knattspyrnu hefur hann einnig keppt fyrir Dalvík og Þór á Akureyri. Hann hefur mikla reynslu af hjálfun, einkum hjálfun yngri flokka í knattspyrnu.

Opnunartími á skrifstofu

Fastir opnunartímar verða nú aftur á skrifstofu okkar í Búgarði, Óseyri 2, á Akureyri. Skrifstofan verður opin sem hér segir:

Þriðjudaga kl. 13:00 til 16:00

Fimmtudaga kl. 12:00 til 16:00

Símanúmer á skiptiborði er 460-4477

Beinn sími á skrifstofuna er 460-4465

Þess utan verður hægt að ná í framkvæmdastjórn milli **kl. 12:00 og 18:00** virka daga í síma 868-3820. Ef mikið liggur við er hægt að ná í hann í sama númer utan þess tíma en best væri ef fólk heldur sig við þennan tíma.

Ársþing UMSE

Ársþing Ungmennasambands Eyjafjarðar var haldið í Þelamerkurskóla 18. mars. Þingið var haldið í umsjá UMF Smárans. Öll aðstaða til þinghalds og kaffisamsæti í lokin þar sem viðurkenningar og verðlaunaafhendingar fóru fram voru í boði Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar. KEA bauð til myndarlegs hádegisverðar. Helstu mál sem fram komu voru að mikill áhugi er á myndarlegri þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður af Héraðssambandi Suður-Þingeyinga að Laugum í Reykjadal um verslunarmannahelgina. Samþykkt var að samræma verðlaunaveitingar til barna íþróttastefnu ÍSÍ og veita öllum börnum 10. ára og yngri þátttöku viðurkenningu á íþróttamótum sambandsins. Ákveðið var að UMSE taki að

